

Byltingarárin 1945–1970

Ljóð til greiningar

Fenrisúlfur

eftir Hannes Pétursson

Enn að nýju úlfsins heita gin
opið. Skín í vargsins rauða kok.
Bíður þar til þráðum vopnadyr
þoka nær hin spáðu endalok.

Man er Gleipnir sjálfur sundur brast.
Sér að hvergi er fundinn annar nýr.
Bíður enginn fjötur nógu fast
felldur mun á þetta grimma dýr.

Hvessir tönn við tönn og hvílist rór
teygir limu, spennir mjúkan háls
stígur hringa, stæltur, léttur, mjór

uns þýtur hann fram og svelgir sólar hvel.
Sest að völdum, ræður ein og frjáls
systir hans jarðarbyggð, hin bláa Hel.
(Stund og staðir, 1962)

Verkefni:

- Skoðaðu bragarhátt ljóðsins. Hvað heitir hann? Að hvaða leyti víkur skáldið frá hinni ítölsku útgáfu bragarháttarins?
- Hver er Fenrisúlfur? Rektu sögu hans. Hvar býr systir hans, Hel, nú samkvæmt norrænu goðafræðinni?
- Yfirborð ljóðsins virðist einfaldlega vera saga þessara ógnvænlegu systkina úr heiðni. En hvað býr undir niðri? Fyrir hvað stendur sagan?